

Ísland í alþjóðasamfélagi. Ályktun frá 8. mars 2005

Opinn fundur haldinn á Alþjóðalegum baráttudegi kvenna fyrir friði og jafnrétti 8.mars 2005 í Ráðhúsi Reykjavíkur sendir frá sér eftirfarandi ályktun:

Jafnréttisbarátta og barátta fyrir bættum kjörum kvenna er hluti af baráttunni fyrir betri heimi. Því viljum við sem teljum að betri heimur sé raunverulegur valkostur nota 8.mars Alþjóðlegan baráttudag kvenna fyrir friði og jafnrétti til að horfa gagnrýnum augum á samfélagið.

Það er mikilvægt að sameina alla þá sem ekki sætta sig við skiptingu heimsins í austur og vestur, norður og suður, kristin heim eða islam, ríkan heim eða fátækan.

Fundurinn telur mikilvægt að fólk búsett á Íslandi geti treyst þeirri grundvallarreglu stjórnarskrárinnar að lög nái jafnt yfir alla en fari ekki í manngreinarálit. Fundurinn áréttar mikilvægi jafnræðisreglu sem tryggir að allir skuli vera "jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu..." aldurs og kynhneigðar.

Fundurinn hvetjur ríkisstjórnina til að setja réttindi fólks ofar fjármagnshyggju og hagsmunum fjölþjóðafyrirtækja.

Fundurinn hafnar ofbeldi og hvetur til friðsamlegra lausna á vandamálum heimsins. Þá hvetjum við alla til að leggja sitt af mörkum til að uppræta hvers kyns kynbundið ofbeldi í okkar samfélagi.

Það eru forréttindi að búa fjarri átakasvæðum. Fundurinn bendir á mikilvægi þess, í heimi tortryggni og ófriðar, að Ísland axli þá ábyrgð sem felst í því að vera ríkt og sjálfstætt lýðræðisríki. Stuðningur ríkisstjórnar Íslands við hernað í Írak, sem kostað hefur þúsundir óbreyttra borgara lífið, að stórum hluta konur og börn, hefur valdið miklu umróti í íslensku samfélagi. Fundurinn krefst þess að Ísland, sem herlaus þjóð, fái að standa utan við hernaðaráttök.

Fundurinn hvetur ríkisstjórn Íslands, þingmenn og landsmenn alla til að sameinast um samfélagslega ábyrgð og stuðla þannig að friði og jafnrétti.

Að fundinum stóðu: Menningar- og friðarsamtök ísl. kvenna, Bandalag háskólamanna, BSRB, Félag ísl. hjúkrunarfræðinga, Kennarasamband Íslands, Kvennasögusafn Íslands, Kvenréttindafélag Íslands, Samtök herstöðvaandstæðinga, Samtök kvenna af erlendum uppruna, Samtök um kvennaathvarf, Sjúkraliðafélag Íslands, Stígamót, Upplýsing, félag bókasafns- og upplýsingafræða, Vera, Þroskaþjálfafélag Íslands, Öryrkjabandalag Íslands.